

# **Greinargerð um fornleifar á áhrifasvæði Hellisheiðarvirkjunar Stóra-Skarðsmýrarfjall, Ölkelduháls, Hverahlíð**

## *Inngangur*

Fyrirhuguð er stækkun á orkuvinnslusvæði Hellisheiðarvirkjunar og bora vinnsluholur á Stóra-Skarðsmýrarfjalli sem er norðan við núverandi virkjunarsvæði. Einnig eru fyrirhugaðar rannsóknarborholur við Ölkelduháls og undir Hverahlíð, ásamt því að vegir verða lagðir að borholum. Í marsmánuði 2005 fór verkfræðistofan VGK, fyrir hönd Orkuveitu Reykjavíkur, þess á leit við Fornleifastofnun Íslands að hún gerði fornleifakönnun á þessum svæðum vegna þessara fyrirhuguðu framkvæmda. Vettvangskönnun var gerð dagana 23., 24., og 30. apríl af Oddgeiri Hanssyni, en Adolf Friðriksson, fornleifafraeðingur, hafði yfirumsjón með verkinu.

## *Fyrri athuganir*

Fornleifastofnun gerði árið 1997 svæðisskráningu fyrir afréttaland Ölfushrepps, og aðalskráningu árið eftir.<sup>1</sup> Við aðalskráningu á afréttarlandinu voru skráðir 64 minjastaðir. Flestir minjastaðanna eru á eða við bæjarstæði Kolviðarhóls, en aðrir eru dreifðir um afréttina. Árið 2001 vann Fornleifastofnun stutta greinargerð vegna tilraunaborana á svæðinu<sup>2</sup>, og árið 2003 voru gerðar tvær fornleifakannanir, annars vegar í júlí vegna framkvæmda við Hellisheiðarvirkjun<sup>3</sup>, og hins vegar í október vegna lagningar hitaveituæðar frá Kolviðarhóli til Reykjavíkur.<sup>4</sup>

## *Aðferðir*

Við undirbúning voru fyrirliggjandi heimildir og skráning athuguð. Farið var á vettvang og ofangreind svæði skoðuð. Gengið var skipulega um svæðin og leitað sýnilegra ummerkja um fornleifar.

---

<sup>1</sup> Birna Gunnarsdóttir og Orri Vésteinsson. *Fornleifaskráning á Hengilssvæðinu I. Menningarminjar í Grafningi norðan Úlfjótssvatns*. Reykjavík 1997.. ; Orri Vésteinsson. *Fornleifar á afrétti Ölfushrepps*. Reykjavík 1998

<sup>2</sup> Orri Vésteinsson: *Greinargerð um fornleifar á Hellisheiði*. Reykjavík 2001.

<sup>3</sup> Adolf Friðriksson og Uggi Ævarsson. *Greinargerð um fornleifar Hjá Hellisheiðarvirkjun*. Reykjavík 2003.

<sup>4</sup> Birna Lárusdóttir og Sædís Gunnarsdóttir, *Fornleifakönnun á Hellisheiði vegna virkjunar*. Reykjavík 2003.

## *Rannsóknarsvæði*

### **Stóra Skarðsmýrarfjall**

Ekki liggja fyrir nákvæmar staðsetningar þeirra mannvirkja sem byggð verða á og við Skarðsmýrarfjall vegna stækkunar Hellisheiðarvirkjunar. Stækkunin "...felur í sér vinnslu jarðhita, vegi, borholur, vatnsöflun, gufuveitu, stöðvarhús, kæliturna, niðurrennsliisveitu og efnistöku."<sup>5</sup> Því má líta svo á að fjallið allt sé mögulegt framkvæmdasvæði og var tekið mið af því þegar fornleifakönnunin var gerð.

### **Ölkelduháls**

Bora á tvær rannsóknarborholur á Ölkelduhálssvæðinu. Verður önnur við sunnanverðan Ölkelduháls en hin nokkru vestar, við svonefnt Kýrgil. Einnig er fyrir hugað að leggja veg að borholustæðinu við Kýrgil. Voru borholustæðin skoðuð og svæði í um 200 m radíus út frá þeim, auk þess sem vegstæðið að borholunni við Kýrgil var kannað.

### **Hverahlíð**

Ein rannsóknarborhola er fyrirhuguð undir Hverahlíð og lagning vegar að henni. Var borholustæðið kannað, sem og svæði í um 200 m radíus frá því. Með tilliti til fyrirhugaðrar vegalagningar að borholunni var einnig kannað um 1200 metra langt og 200 m breitt svæði frá borholustæðinu að Þjóðvegi 1.

## *Niðurstöður*

### **Stóra-Skarðsmýrarfjall**

Eftir rækilega athugun á heimildum og á vettvangi hefur komið í ljós að engar minjar er að finna á Stóra-Skarðsmýrarfjalli. Þar er að mestu uppblásinn melur, ísaldargrús að sunnan, en stórgrýttara að norðanverðu. Fjallið er að mestu gróðursnautt, einungis þunnir mosaflákar á stöku stað, einkum þó



*Horft til norðurs yfir fyrirhugað borsvæði á Stóra-Skarðsmýrarfjalli*

<sup>5</sup> VGK. *Stækkun Hellisheiðarvirkjunar. Tillaga að matsáætlun..* Reykjavík 2005.

á norðanverðu fjallinu. Hefðu forn, grjóthlaðin mannvirki einhverju sinni verið á fjallinu, væru þau líklegast nokkuð áberandi, enda gætu þau ekki sokkið í jarðveginn sem þarna er. Hefðu einhvern tíma verið mannvirki, eingöngu hlaðin úr torfi á fjallinu, mætti ætla að þau væru að mestu horfin vegna uppblásturs. Engar heimildir eru þó fyrir slíkum mannvirkjum á fjallinu, og af aðstæðum má telja það afar ólíklegt nokkru sinni hafi verið byggð mannvirki á þessum stað.

## Ölkelduháls


Kunnugt var um einn minjastað á Ölkelduhálsi, svokallaða Ölkelduhálsrétt **ÁR-721:068**

Hún mun ekki vera í sérstakri hættu vegna fyrirhugaðra borframkvæmda. Það skal þó tekið fram að réttin virðist ranglega merkt inn á kort frá VGK sem haft var til hliðsjónar á vettvangi. Á kortinu er hún merkt inn norðan við veginn sem liggur yfir Ölkelduháls<sup>6</sup>, en

er í raun á miðju hverasvæðinu sunnan við hann. Hvað sem því líður þá er ekki aðrar fornminjar að finna á þessu svæði. Engar fornleifar var heldur að finna á vestara borsvæðinu við Kýrgil.



*Horft til norðurs yfir Ölkelduhálsrétt.*



<sup>6</sup> Orkuveita Reykjavíkur/VGK. *Hengilssvæði og Hellisheið rannsóknarboranir*. Reykjavík 2004

## Hverahlíð

Þrjár fornleifar eru skráðar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði undir Hverahlíð og í nágrenni hennar. Hyggja þarf sérstaklega að tveimur þeirra vegna borframkvæmdanna.

Fyrst skal nefna gamla Hellisheiðarveginn **ÁR-721:061** sem er skammt suður af núverandi þjóðvegi. Hann er að stofni til frá 1894-5<sup>7</sup> og upphlaðinn á köflum. Þótt



*Gamli Hellisheiðarvegurinn. Horft í norður.*

vegurinn sé vissulega í þó nokkurri fjarlægð frá hinu fyrirhugaða borsvæði undir Hverahlíð, er mögulegt að hann geti lent í uppnámi ef vegur verður lagður að borholunni eða vegna annars rasks og framkvæmda sem kunna að fylgja borholuframkvæmdum. Leita þarf til Fornleifaverndar ríkisins ef líkur eru á að hreyft verði við veginum.

Næst skal nefna gamla troðninga **ÁR-721:066** sem liggja frá austri til vesturs skammt frá rótum Hverahlíðar. Er líklega um að ræða svonefnda Suðurferðagötu sem einnig nefndist Skógargata og var aðalreiðleiðin til Reykjavíkur:

Suðurferðagata lá upp með Vindleysu að austan, upp Grjótin fyrir vestan Lambakró, upp Sandhrygg milli Háleita, yfir Smalaskarðsbrekkur innst, rétt fyrir innan Selás, að Hlíðarhorni, spölkorn inn með Hverahlíð og austur á þjóðveginn á Hellisheiði. Suðurferðagata hét hún af því hún var farin suður til Reykjavíkur, en Skógargata af því að hún var farin áleiðis upp í Grafning til að sækja skóg. Þegar vagnfær leið var rudd af þjóðveginum fyrir neðan Kamba út í Hjallasókn, upp úr 1910, lagðist niður umferð um Suðurferðagötu.<sup>8</sup>

<sup>7</sup> Orri Vésteinsson. *Fornleifar á afrétti Ölfushrepps*. Reykjavík 1998

<sup>8</sup> Örnefnaskrá Þóroddsstaða. (1968)

Suðurferðagata liggur á svipuðum slóðum og fyrirhugað borholustæði undir Hverahlíð og gæti því mögulega verið í hættu vegna framkvæmda þar. Leita verður leyfis hjá Fornleifavernd ríkisins ef nauðsynlegt þykir að raska leifum Suðurferðagötu.



*Suðurferðagata. Horft til austurs.*

Að síðustu skal nefna húsarústir **ÁR-721:067** sem eru á dálitlum hjalla undir Hverahlíð, fast austan við hverasvæðið sem þar er, og hlíðin er kennd við. Annars vegar er um að ræða greinilegan sökkul undan húsi, hlaðinn úr grágryti og skiptist hann í fimm hólf eða herbergi. Einnig má greina hlaðnar “útidyratröppur” við norðvesturhorn rústarinnar. Hins vegar er um að ræða greinilega gólfplötu undan húsi sem einnig er gerð úr grágryti og er hún um 1,5 m vestan við fyrrnefndu bygginguna. Virðist sem þessi bygging hafi verið byggð yfir hver, því greinilega rýkur upp úr miðri plötunni. Að svo stöddu er ekki vitað um hlutverk þessara mannvirkja en líklega eru þau ung. Ljóst þykir að þau muni ekki koma til með að vera í hættu vegna borframkvæmdanna. Þó er lagt til að þau verði merkt vel til þess að taka af allan vafa um staðsetningu þeirra.




*Húsarústir undir Hverahlíð. Horft til austurs.*

**Samantekt:**

Í stuttu máli er niðurstaða fornleifakönnunarinnar sú að hinar fyrirhuguðu rannsókarholur eru á afréttarlandi þar sem afar lítið er um forn mannvirki. Engar áður óþekktar

minjar komu í ljós við vettvangskönnun utan húsarústanna undir Hverahlíð. Af fjórum fornleifum sem skráðar voru, eru tvær sem mögulega gætu orðið fyrir raski vegna fyrirhugaðra framkvæmda, Hellisheiðarvegur og Suðurferðagata/Skógargata. Fornleifavernd ríkisins sker úr um hvort grípa þurfi til sérstakra aðgerða vegna þeirra.



*Teikning af rústunum undir Hverahlíð*

Oddgeir Hansson

Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík. 07.05.2005

Verknr. FS-0504

## **Staðsetningarhnit fornleifastaða í WGS 84.**

Suðurferðagata: N 64 00.441 W21 20.897

Hellisheiðarvegur: N64 01.042 W21 21.574

Húsarústir undir Hverahlíð: N64 00.417 W21 20.475

Ölkelduhálsrétt: N64 03.537 W21 14.018

*Afrit af bréfinu verður sent Fornleifavernd ríkisins*

## **Heimildir**

Adolf Friðriksson og Uggi Ævarsson. *Greinargerð um fornleifar Hjá Hellisheiðarvirkjun.* Reykjavík 2003.

Birna Gunnarsdóttir og Orri Vésteinsson. *Fornleifaskráning á Hengilssvæðinu I. Menningarminjar í Grafningi norðan Úlfjótsvatns.* Reykjavík 1997.

Birna Lárusdóttir og Sædís Gunnarsdóttir, *Fornleifakönnun á Hellisheiði vegna virkjunar.* Reykjavík 2003.

Orkuveita Reykjavíkur/VGK. *Hengilssvæði og Hellisheiði. Tilkynning um framkvæmdir við rannsóknarboranir.* Reykjavík 2004

Orri Vésteinsson. *Fornleifar á afrétti Ölfushrepps.* Reykjavík 1998

Orri Vésteinsson: *Greinargerð um fornleifar á Hellisheiði.* Reykjavík 2001.

*Örnefnaskrá Þóroddsstaða.*(1968)

VGK. *Stækkun Hellisheiðarvirkjunar. Tillaga að matsáætlun.* Reykjavík 2005.

## Fornleifakort

